ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIZT!
LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!

Stéttabaráttan

VERKFALLSBLAÐ

Útg. Kommúnistasamtökin marxistar-lenínistar 4. tbl. 5. árg. 23. febrúar 1976

Áskriftasíminn er 27810

Hafið samband við ritstjórnina í síma 27810 og 27115

Ritstj. og ábm. Hjálmtýr Heiðdal

Skrípaleikur á Hótel Loftleiðum

Nú hafa samninganefndir ASÍ og VSÍ setið lengið og þrefað. En hvað fer fram á þessum fundum? Afskaplega eru samningamenn tregir til að upplýsa það, en þó lekur ýmislegt út, t.d. gegnum viðræður við einstaka nefndarmenn og þegar rætt er við marga, kemur út nokkuð samræmd frásögn af gangi mála. Gerð hefur verið opinber tillaga sáttanefndar. Þar er boðin 1500 kr. hækkun á lægstu laun og síðan 4% kauphækkun 1. mars, 5% 1. júní og 4% 1. okt. Atvinnurekendur hafa lýst sig samþykka þessum hækkunum gegn því að allar sérkröfur verði felldar niður. Og hver eru viðbrögð ASÍ? Þeir lýsa því yfir í blöðum að þeir séu yfir sig hneykslaðir á svo lágu tilboði. En þó hafa þeir rætt um að samþykkja tilboð sáttanefndar með breytingum um 2000 kr. á lægstu laun og 6% í fyrsta áfanga. Einnig hafa þeir reynt að koma til móts við kröfur atvinnurekenda með því að félögin makka sín á milli: "ef þið dragið þessar sérkröfur til baka, þá drögum við þessar til baka." Þá hefur ASÍ haft hátt um að mestu hækkanirnar skuli koma til þeirra lægst launuðu. Er þetta í nokkru ósamræmi við þá ákvörðun að hafa 4% á milli taxta, en [illegible] býðir að á milli lægsta taxta Dagsbrúnar og 8. taxta+10% verður 30% mismunur. Slíkt er til að sundra verkafólki. Semja á um lífvænleg laun verkafólki til handa og minnka launamismuninn.

Svo litið sé á hvað tilboð sáttanefndar þýðir:

Núverandi laun í fyrsta flokki Iðjutaxta eru tæp 52000 kr. á mán. Prósentuhækkunin verður alls 16,6% með láglaunabótum, en 13,5% án láglaunabóta. Fyrsta útborgun eftir slíkum samning yrði þá 55.640 kr. á mán., 1. júlí - 58.422 kr. og loks 1. okt. kr. 60.758. Þessar krónur hrökkva ekki til lífsviðurværis nú og því síður í árslok, því verðbólgan brennir hraðar en nemur þessum hækkunum. Jafnvel þótt gengið yrði að hinni upphaflegu kröfu ASÍ um allt að ca. 30% kauphækkun, færu lægstu laun aðeins upp í 67600 kr. á mán. Hins vegar er orðið samkomulag um 69.000 kr. ellilífeyri til hjóna og að nokkru leyti vísitölutryggðan. Svo er ætlast til að verkamannafjölskylda lifi af lægri launum!

Sem dæmi um sýndarmennsku samningamanna er, að fundir eru látnir standa frá kl. 14 til 02, svo að fólk haldi að eitthvað merkilegt sé að gerast á næturfundunum. Engum fyndist merkilegt þótt fundir stæðu frá 8 til 20.

Fréttir berast um að mikilvægur áfangi hafi náðst með samkomulagi í lífeyrissjóðsmálinu. Eru lífeyrissjóðirnir ekki í eigu verkalýðsfélaganna? Hvað þarf að vera að semja um þá við atvinnurekendur. Þetta á að vera einhliða ákvörðun verkalýðsfélaganna. Burt með atvinnurekendur úr stjórnum lífeyrissjóðanna. Það sem við þurfum er lífvænleg laun fyrir dagvinnu og fullar vísitölubætur mánaðarlega er komi sem jöfn krónutala á öll laun.

-/ess


Verkfallsréttur BSRB

Starfsmenn ríkis og bæja hafa ekki verkfallsrétt, en árið 1915, ári áður en Alþýðusambandið var stofnað, var hann afnuminn með lögum. Þá höfðu ríkisstarfsmenn betri og tryggari laun en verkalýðurinn og á seinni árum hafa t.d. lífeyrissjóðir BSRB verið sérstaklega sterkir. Enn hafa ríkisstarfsmenn hærri laun en verkafólk og njóta þar að auki töluverðs öryggis vegna æviráðningar. En þrátt fyrir þetta hafa ríkisstarfsmenn mátt horfa upp á kjararýrnun á undanförnum árum. Og verkfallsrétturinn er ekki fyrir hendi og þess vegna geta þeir ekki háð baráttuna með öðrum launþegum. Forysta BSRB hefur átt í umræðum við fulltrúa ríkisvaldsins um verkfallsrétt og fengið þau svör að það komi því aðeins til greina, að verkfallsrétturinn fari ekki til aðildarfélaganna heldur einvörðungu til stjórnar BSRB. Þannig ætlar ríkisvaldið sér að tryggja að verkfallsrétturinn verði ekki notaður nema í heildarsamningum, ef hann kemur þá nokkru sinni til framkvæmdar. En óneitanlega yrði það verkalýðshreyfingunni til styrks ef verkföll vissra aðildarfélaga BSRB, t.d. símvirkja og póstmanna færu saman með verkföllum ASÍ. Laun margra BSRB-meðlima, eins og starfsstúlkna í bönkum og skrifstofufólks hjá því opinbera, eru mjög lág og þessir hópar hafa enga möguleika til að ná fram úrbótum á kjörum sínum. Krafa BSRB um verkfallsrétt er réttmæt og mikilsverð og hann á ekki aðeins að liggja í höndum forystunnar heldur einnig í höndum hvers aðildarfélags. Annars verður ekki um verkfallsrétt að ræða í framkvæmd - aðeins í orði.

Afskipti Ríkisvaldsins af samningamálunum

Gangur samningamálanna í yfirstandandi samningum hefur verið all sérstæður. Nú eru tæpir þrír mánuðir frá því að sest var að borðum en ef dæma má af yfirlýsingum sumra samningamannann þá hefur svo til ekkert gerst á þessum tíma. Hvað veldur?

Annað sem er sérstakt við aðferðirnar núna er það hlutverk sem sáttasemjari hefur fengið. Strax í upphafi var sest til borðs hjá honum - án þess að ASÍ (sem sjálft hefur ekkert samningsvald) hefði aflað sér umboða frá félögunum og án þess að fastar kröfur hefðu komið fram. Það hlýtur að hafa sitt að segja varðandi lengd samningamakksins að málin eru illa undirbúin og kröfurnar óljósar.



Þrístirni stéttasamvinnunnar á Íslandi. Frá vinstri: Sáttasemjari - varaforseti ASÍ - formaður VSÍ.

Enn eitt atriði er skipun sáttanefndar ríkisstjórnarinnar. Hér á landi á að ríkja svokallaður frjáls samningsréttur. En þróunin hefur verið sú að ríkisvald auðvaldsins hefur seilst meira og meira inn í samningamálin. Má minna á ferðir ráðherra Alþýðubandalagsins (á tíma "vinstri" stjórnarinnar) á Hótel Loftleiði á sínum tíma. Hvað táknar það að ríkisvaldið teygir klær sínar meira og meira inn í samningasalina? Það táknar það að verkalýðsstéttin á ekki aðeins í höggi við auðvaldið í einni mynd, þ.e. sjálfa burgeisana sem eiga atvinnutækin, heldur bætist burgeisunum liðsauki sem er ríkisvald þeirra sjálfra. Því það eru þeir sem í rauninni ráða ráðuneytunum - það eru þeirra liðsmenn sem sitja í ríkisstjórninni.

Þannig er því einnig varið með sáttasemjara - hans hlutverk er að sætta verkalýðinn við það að burgeisarnir haldi sínum gróða óskertum. Hér kemur einnig sáttanefndin inn í myndina - og sérstaklega skulum við athuga að Alþýðubandalagið á þar fulltrúa (Geir Gunnarsson og áður Guðmund Hjartarson). Sáttanefnd sem ríkisvald auðvaldsins skipar getur ekki starfað verkalýðnum í hag. Þeir sem kalla sig sósíalista, en taka jafnframt þátt í því að efla ríkisvald auðsins, þeir hafa í rauninni yfirgefið þann grundvöll sem sósíalisminn er. Þeir hafa fallist á þá skoðun að ríkisvaldið sé hafið yfir stéttabaráttuna og geti þjónað sem sáttaraðili þegar ósættandi hagsmuni verkalýðsins og auðvaldsins rekast á!

Tilkynnið verkfallsbrot!

Stéttabaráttan hvetur alla til að vera vel á verði gagnvart brotum á verkfallinu, sem nú stendur yfir. Án mikillar liðveislu og almennrar þátttöku er ekki hægt að vinna þetta verkfall. Tilkynnið brot til viðkomandi verkfallsvakta. Símanúmer þeirra helstu fara hér á eftir:

Dagsbrún: 25609,
Iðja: 12537,
Framsókn: 26930,
Trésm. fél. Rvík: 27600,
Bifvélavirkjar: 23506,
Járniðnaðarmenn: 18044,
Verslunarm. fél. Rvík: 26344.

Upplýsingar um símanr. annarra vakta er hægt að fá í einhverjum ofangreindra síma.

Landhelgismálið og NATO

Ekki verður annað sagt en að töluvert af hinum pólitísku hræringum sem gerjast hafa undir yfirborðinu hafi nú skyndilega skotið upp á yfirborðið. Nú er yfirstandani allsherjarverkfall sem tekur til, að meira eða minna leyti, til um 60% þjóðarinnar auk þess sem nær allir láglaunahópar BSRB styðja eindregið baráttuna. Þessi verkföll og hið ótrygga efnahagsástand hefur síðan leitt til að krafa hefur verið borin fram á hendur ríkisstjórninni að hún fari frá. Þannig geysa hinir pólitísku sviptivindar innanlands. Mestur hluti verkalýðsstéttarinnar hefur skipað sér í virka andstöðu gegn stéttarfjandmanni sínum, auðmönnum.

Og á meðan allt þetta á sér stað innanlands, gerast stórtíðindi í utanríkismálum. Stéttarfjandmaðurinn hefur verið afhjúpaður innanlands og nú hefur líka heimsvaldastefna breska auðvaldsins fengið verðugt svar. Íslenska ríkisstjórnin hefur nú verið neydd til að slíta stjórnmálasambandi við bresku heimsvaldasinnana með þrýstingi frá nær öllum samtökum og félögum verkalýðsins auk fjölda annarra. Andstaða fjöldans hefur þannig neytt hina erkiafturhaldssömu ríkisstjórn til að fara út í aðgerðir sem stríðir gegn sannfæringu hennar. Sérstaklega hefur annar stjórnarflokkurinn verið dyggur stuðningsmaður heimsvaldastefnunnar, hvar í heiminum henni hefur verið beitt af hinum svokölluðu siðmenntuðu löndum.

Mogginn, talsmaður afturhalds og heimsvaldastefnu, hefur varið allar aðgerðir heimsvaldarríkjanna í NATO, hvort sem það hefur verið í Asíu Afríku eða Suður-Ameríku. Það er aðeins kúgunartilraunir breska auðvaldsins hér við Ísland sem hann treystir sér ekki til að styðja opinberlega. Og hvers vegna ekki, jú, það er vegna þess að í þessu máli hefur íslensk alþýða vaknað til baráttu. Það væri því óviturlegt fyrir íslenska auðmannastéttina að hefja baráttu gegn yfirgnæfandi meirihluta þjóðarinnar í þessu máli líka.

Í staðinn leggur hún því höfuðáherslu á að verja NATO, því ekki vill hún að það afhjúpist sem kúgunartæki. Því miður fyrir verkalýðinn og vinnandi alþýðu virðist henni vera að taksa þetta með dyggri aðstoð hlaupasnata eins og Luns og ríkisstjórnum auðvaldslandanna. Alþýðan verður því enn að búa við að öryggi sem NATO skapar.

Í dag er breska heimsvaldastefnan og NATO að reyna að þvinga íslendinga til hlýðni með beinum hernaðaraðgerðum, en á morgun berja þeir alþýðu þriðja heimsins og þá getur Mogginn hrópað með þeim: Drepum þá, drepum þá. Þannig er þessi barátta: Afturhaldið reynir að stinga við fótum sem mest það má ef það neyðist til að gefa eftir, en beita annars opnu ofbeldi. Þann ig ræðst breska auðvaldið af jafn mikilli hörku geg... baráttufúsum verkamönnum og verkfallsmönnum og auðvaldið hér. Það er aðeins í málum eins og landhelgismálinu sem innlend auðmannastétt verður reikul og ráðvilt. Þessir kapitalistar eru nefnilega aðeins með eitt á hreinu: Þeir eru á móti verkalýðnum, þess vegna stendur landhelgismálið svona þversum í íslenska auðvaldinu.

Það er hrætt við að verða til að styrkja verkalýðinn og vinnandi alþýðu en veikja auðvaldið og heimsvaldastefnuna. Íslenskur verkalýður verður í þessu máli, á sama hátt og í kjarabaráttunni, að hefja því opna baráttu og gefa ekkert eftir fyrir hagsmunum auðvaldsins. Við verðum að krefjast tafarlausrar úrsagnar úr NATO og brottreksturs herstöðvanna. Því þetta er árásarbandalag sem stendur gegn hagsmunum verkalýðsins. Það hefur landhelgismálið sannað. Í þessu máli eins og öðrum verður að taka hagsmuni íslenskrar alþýðu fram yfir hagsmuni fámennrar auðmannastéttar - og berjast til sigurs

Slíkt gerum við best í yfirstandandi kjarabaráttu með því að sýna fram á og berjast fyrir raunverulegum hagsmunum verkalýðsins, en jafnframt verður að afhjúpa miskunnarlaust alla óvini þessarar baráttu í eigin liði og berjast gegn tilraunum þeirra til að styðja óvininn. Þessar sömu reglur baráttunnar gilda einnig í landhelgismálinu. Jafnframt því sem við berjumst gegn kúgunartilraunum breta verður að afhjúpa kúgunarhlutverk NATO í þessu máli og einnig verður að afhjúpa fimmtu herdeildina í okkar eigin liði, sem hefur reynt eins og hún getur til að eyðileggja þessa baráttu - íslenska auðvaldið. Gegn íslenska auðvaldinu verður íslensk alþýða að snúast af fullum krafti ef takast á að sigra í þessu máli. Fyrsta skrefið er að hafna leiðsögn auðmanna og hefja harða baráttu fyrir úrsögn Íslands úr NATO og fordæmingu á kúgunaraðgerðum þess um víða veröld.

-/GA

UNDANÞÁGA TIL MILLILENDINGAR FÉKKST EKKI :

Frá Keflavík berast þær fréttir, að verkfallsvaktin þar hafi neitað hermálaráðherra miðameríkuríkisins Nicaragua um undanþágu til að fá eldsneyti á Keflavíkurflugvelli. Stéttabaráttunni er kunnugt um, að fyrir tilstilli kommúnískra og baráttufúsra verkamanna hafi tekist að koma í veg fyrir að þessi undanþága fengist.

Í miðameríkuríkinu Nicaragua ríkir geysileg örbirgð og kúgun yfirvalda á landsbúum er hrottaleg. Ríkisstjórnin er handbendi bandaríska auðvaldsins og hefur kæft verkalýðsbaráttuna níður í blóði oftar en einu sinni. Á undanförnum árum hefur æ tíðar komið til vopnaðra bardaga milli byltingarsinna og hersins. Þessi ákvörðun verkafólksins í Keflavík er réttmæt og í anda alþjóðlegrar samstöðu verkalýðs og kúgaðrar alþýðu alls heimsins.

Kratarnir ráðast á Stéttabaráttuna


HASSBARÁTTAN

...eiga vopn á verkalýðshreyfinguna, með því að koma kommúnistastimplinum á alla verkalýðsbaráttu. Það hindrar samstöðu verkafólks, því yfirgnæfandi meirihluti launþega hér á Íslandi vill ekkert eiga saman við kommúnista að sælda.

Borgari

Í Alþýðublaðinu á laugardag 21.2. birtist lesendabréf undir fyrirsögninni "Hassbaráttan". Í grein þessari er veist að Kommúnistasamtökunum m-l á sóðalegri hátt en áður eru dæmi til um. Þar er því t.d. haldið fram að íslenskir marxistar-lenínistar séu dópistar og iðjuleysingjar sem selji Stéttabaráttuna í þeim tilgangi einum að afla fjár til hass-kaupa. Já, lágt er nú orðið risið á Alþýðublaðinu, sem einu sinni var málsvari verkalýðshreyfingarinnar. Það gerist nú vettvangur fyrir soraskrif af því tagi, sem ekkert blað með einhverja sjálfsvirðingu myndi birta. Hvort greinarhöfundur, sem felur sig bak við undirskriftina "borgari", er starfsmaður Alþýðublaðsins skal látið ósagt með öllu. En hitt er víst, að ritstjórn Alþýðublaðsins hefur veitt blessun sína yfir að skrif af þessu tagi yrðu birt í blaðinu. Kannske hafa þau skilyrði fylgt "gjafafénu" frá sænsku krötunum, að það yrði notað til árása á marxista-lenínista á Íslandi. Alla vega hlýtur einhver ástæða að liggja að baki því, að ritstjórn Alþýðublaðsins leyfir birtingu slíkra skrifa, sem eru bæði soraleg, ósönn og glæpsamleg. Önnur ástæða gæti hugsanlega verið sú, að hinir nýju herrar Alþýðublaðsins vilji nú herða róðurinn gegn einbeittustu baráttumönnum verkalýðsstéttarinnar, einmitt þegar verkfallsbaráttan stendur sem hæst. Það er viðbúið, að hvorki Vísir né Mogginn vilji birta slíkar aðdróttanir, og hver veit nema Alþýðublaðið hafi fengið það verkefni? Alla vega kvaðst Sighvatur Björgvinsson, ritstjóri Alþýðublaðsins ekkert vita um birtingu þessa "lesendabréfs" og framámenn ungra jafnaðarmanna fordæmdu slík skrif í samtali við félaga úr Kommúnistasamtökunum m-l. Hvernig sem þessu er varið, hlýtur ritstjórn Alþýðublaðsins að verða að biðjast opinberlega afsökunar og lýsa grein þessa, dauð og ómerk ósannindi. Ella verður hún sótt að lögum og dæmd til þess. Íslenskir marxistar-lenínistar eru í örum vexti og afl þeirra og tengsl við verkalýðshreyfinguna fara vaxandi. Þetta er hin raunverulega ástæða rógskrifanna, hver svo sem hvatamaður þeirra er.

/ver.

EITT OG ANNAÐ

BOTNINN ER SUÐUR Í BORGARFIRÐI

Ónefndur lögfræðingur og framámaður í skokki hringdi flaumósa niður á verkfallsvakt Dagsbrúnar og spurðist fyrir um það, hvort ekki mætti veita Akraborginni eina undanþágu. Þegar hann var spurður um ástæðuna, svaraði hann því til að konan hans væri föst uppi á Skaga og þyrfti endilega að komast í bæinn! Það má segja að botninn sé víða suður í Borgarafirði þessa dagana.

FAGMÁL

Í hinum löngu samningasetum ASÍ og VSÍ hefur þróast sérstakt fagmál. Þessir menn eru orðnir atvinnumenn í samningamakki og hafa skapað sér sinn eigin heim - og eðlilega hafa þeir komið sér upp eigin máli. Nokkur dæmi um fagmálið: "Innanhústillaga", "Rauða strikið", "samningaþak", "boltinn liggur hjá hinum" o.s.frv. Þessar faglegu orðahnippingar á fundum samninganefndanna þjóna engum tilgangi öðrum en þeim að flækja málin fyrir verkafólki. Forysta ASÍ reynir að láta svo líta út sem samningaviðræðurnar séu ekki á færi venjulegs verkafólks, heldur þurfi til þess sérstaka spesíalista. En að auki þá virka þessi fagorð þannig á mann, að verið sé að drepa aðalatriðinu á dreif - nefnilega því, hvort viðunandi kauphækkun náist eða ekki. Okkur má einu gilda um "samningaþakið" og "innanhússtillögurnar", við viljum fá að sjá raunhæfan árangur af verkfallsbaráttunni - hækkuð laun. Forystan myndi segja beint út: "Við viljum lífvænleg laun fyrir 8 stunda vinnudag og fullar vísitölubætur á þau laun", þá myndu allir skilja hana.

MJÓLK OG MANNÚÐARMÁL

Sjónvarpið reynir eftir megni að láta verkfallið líta út eins og sérstaka mannvonsku verkafólksins. Heilum fréttatíma er varið í að spyrja forystuna um mjólkurdreifingu og reynt er að láta í það skína að verkfallsmenn séu að taka mjólkina af kornabörnum og brjóstmylkingum. Hins vegar er ekki minnst á það, að flest kornabörn eru einmitt verkamannabörn eða börn vinnandi fólks og því hefur verkfallið þau áhrif, ef sigur vinnst að tryggja afkomu þessara barna í framtíðinni. Ef mæður vilja gefa börnum sínum mjólk, geta þær líka notast við þurrmjólk. En málið snýst bara ekki um kornabörnin, heldur það að ýmsir aðrir aðilar vilja fá undanþágu en Mjólkursamsalan hefur farið fram á algera undanþágu til sölu á mjólk. Eins og menn sjá, þá eru verkalýðsfélögin ekki fyrst og fremst að neita kornabörnum um mjólk, heldur að neita algerum undanþágum. Það er bara í sjónvarpinu sem málið er látið líta þannig út, að um sé að ræða sérstaka mannvonsku af hálfu verkfallsmanna. Verkalýðsfélögin ættu að krefjast þess, að slík fréttamennska verði lögð niður eða að minnsta kosti að sjónarmið verkafólks fái að koma fram líka.

Frestun hjá Sókn!

Frestun Sóknar á verkfallinu hefur verið mikið rædd og af sumum talin jákvæð, en aðrir aftur litið hana hornauga. Mogginn og íhaldsblöðin hafa mikið talað um mannúðarsjónarmið í þessu sambandi og þá sérstaklega talað um elliheimilin og sjúkrahúsin. En þau hafa hins vegar ekkert minnst á mannúðina þegar rætt er um kjör sóknarkvenna, sem eru lélegt vægast sagt. Íhaldið sem varla þorir að viðra verklýðsfjandskap sinn andspænis þessu volduga verkfalli, reynir að spila á strengi meðaumkvunar og samúðar hjá fólki. Sannleikurinn er hins vegar sá, að ef atvinnurekendur myndu fallast á að greiða mannsæmandi laun fyrir starf sóknarkvenna án vafninga, myndi ekki þurfa að koma til verkfalls þeirra. Enginn vill fara í verkfall, verkalýðurinn er knúinn til þess til þess að verja lífshagsmuni sína og barna sinna. Þetta er sannleikur sem Mogginn dylur dyggilega.

En frestun Sóknar er verkfallinu til skaða og það myndi áreiðanlega hjálpa til að stytta verkfallið ef ekki kæmi til hennar. Vitanlega verður að veita einhverjar undanþágur, svo sem þegar mannslíf eru í veði, eða þar sem sýkingarhætta er umtalsverð. Umfram það á ekki að veita neina undanþágu og sóknarstúlkur á barnaheimilum og vöggustofum eiga skilyrðislaust að leggja niður vinnu. Ef svo færi, myndi það þýða að bankastarfsemi, opinberar stofnanir og fleira myndi lamast og þannig yrði verkfallið mun víðtækara og áhrifaríkara. En þetta er aðeins ein hlið málsins.

Forysta Sóknar hefur setið á stöðugum samningafundum við atvinnurekendur og gefið yfirlýsingar um að samningaviðræður gangi það vel að frestun sé vel réttlætanleg. En er þetta svo? Hafa samningaviðræður virkilega gengið betur hjá Sókn en hjá hinum? Ef svo er hvers vegna hefur þá forysta Sóknar ekki birt niðurstöður viðræðnanna og sýnt fram á að umtalsverðar umbætur muni hljótast af þeim? Sóknarstúlkur hafa fyrst og fremst áhuga á að kjör þeirra verði bætt og þær eru svo sannarlega reiðubúnar að berjast fyrir þessu. Það sem hindrar baráttu þeirra er undansláttur forystunnar, sem þó getur ekki sýnt fram á, að einhver raunhæfur árangur hafi fengist af samningunum.

Það er ótrúlegt að atvinnurekendur séu samningaliprari við Sókn, sem ekki er í verkfalli, heldur en t.d. við sjómenn eða aðra sem eru í víðtæku og næstum undanþágulausu verkfalli. Alla vega verður forysta Sóknar að sýna óyggjandi fram á að svo sé, í stað þess að gefa eintóm loforð ef hún ætlast til að þetta sé tekið trúanlegt. Sannleikurinn í málinu er sá, að starfssvið Sóknar er eitt það viðkvæmasta meðal ASÍ-félaganna og undanþágulítið verkfall félagsins myndi verða beitt vopn gegn atvinnurekendum. Þeim yrði áreiðanlega lítið um það gefið, ef bankar og opinberar skrifstofur stöðvuðust eða hálfstöðvuðust, vegna þess að starfsfólk þeirra hefði ekki barnapössun og erfiðleikarnir á spítölunum, þó að lífsnauðsynlegar undanþágur væru gefnar, yrðu áreiðanlega til að ýta undir samningsvilja þeirra. Það er nauðsynlegt að Sókn fari líka í verkfall og veiti litlar undanþágur, til að styrkja sameiginlega baráttu félaganna fyrir stórbættum kjörum, til þess að stytta verkfallið og til þess að tryggja að sóknarstúlkur verði ekki hlunnfarnar í samningunum. Erlendis hefur það oftlega gerst að starfsfólk sjúkrahúsa, jafnvel læknar, hafi farið í verkfall og sigrar hafa unnist í þessum verkföllum, þrátt fyrir væl íhaldsins um mannúð. Auðvaldinu er sama hvorteð er, þegar um er að ræða öryggi verkafólks á vinnustöðum, hvers vegna skyldi það fara að hafa áhyggjur af því á sjúkrahúsunum? Nei, Sókn verður að ganga undir merki baráttunnar og hefja vinnustöðvun strax.

SAMANBURÐUR

Eins og lesendur Stéttabaráttunnar kannast e.t.v. við, birti Guðmundur J. Guðmundsson, varaformaður Dagsbrúnar, pistil í einu dagblaðanna fyrir skömmu, þar sem hann var að furða sig á því hversu kaupmáttur launa í Færeyjum væri hærri en á Íslandi. Nú er það þannig á Norðurlöndum öðrum en Íslandi, að lengri vinnudagur en 8 stundir á dag þekkist vart, en á Íslandi lifir enginn af 8 stundum. Stéttabaráttan hafði samband við fréttaritara sína í Danmörku, Noregi og Svíþjóð og bað um upplýsingar um kaupmátt launa og verð á nauðsynjum. Þeir brugðust vel við, og hér sjáum við samanburð á löndunum 4, hvað þetta snertir. (Neysluvenjur eru dálítið breytilegar í löndunum, en sambærilegar vörutegundir eru þó notaðar alls staðar í samanburðinum. Varðandi samantekt þessa er ekki farið eftir opinberum tölum, heldur er af ásettu ráði höfð sú aðferð að fara út í búð og athuga með verð. Þessi aðferð er höfð vegna þess að það opinbera hefur lag á því að láta hlutina líta ódýrari út á pappírnum en þeir raunverulega eru.):



Matarlisti:	Verð: Ísland Íkr.	Danmörk Dkr.	Noregur Nkr.	Svíþjóð Skr.
1/2 kg kjötfarshakk	133	11,00	11,95	7,20
1 kg kjöt	602	22,00	10,70	19,25
1 stk. fiskflak	120	8,00	7,50	7,80
2 1/2 kg kartöflur	158	5,00	6,95	4,60
1/2 kg smjör	306	11,30	6,75	6,50
4 lítr. mjólk	164	7,88	7,50	5,20
1 stk. fransbrauð	68	4,78	3,00	2,50
1 stk. heilhveitibrauð	63	4,50	3,20	4,00
1 pk. kaffi	118	3,70	5,30	4,00
1 stk. ostur (1/2 kg)	750	11,00	8,00	6,75
grænmeti (1/2 kg kál)	305	2,00	5,00	3,88
6 stk. epli	224	1,95	3,50	3,50
6 stk. egg	160	3,00	4,95	3,05
1 pk. súpa	102	3,00	3,50	3,90
1 lítr. súrmjólk	40	2,95	1,95	1,51
Samtals:	3345	89,75	89,50	83,64

En lítum á samanburð á launum í löndunum 4, og athugum hvað það tekur verkamann í hverju landanna langan tíma að vinna fyrir þessum nauðsynjum, sem hægt er að kalla venjuleg helgarinnkaup:

Ísland: Algengasti verkamannataxti Dagsbrúnar gerir 2346 krónur á dag, það tekur verkamann u.þ.b. 10-11 tíma að vinna fyrir helgarinnkaupunum.

Danmörk: Algengasti verkamannataxti í Danmörku gerir u.þ.b. 25 dkr. á tímann, eða 200 krónur á dag, það tekur því danskan verkamann milli 3 og 4 tíma að vinna fyrir helgarinnkaupunum.

Svíþjóð: Miðað við lægstu verkamannalaun í Svíþjóð (17 skr. á tímann) tekur það sænskan verkamann um 5 tíma að vinna fyrir helgarinnkaupunum, en meðallaun eru nokkuð hærri, svo raunhæft er að tala um 4 tíma.

Noregur: Algengur verkamannataxti í Noregi er um 20 nkr. á tímann, svo það tekur verkamanna í Noregi milli 4 og 5 tíma að vinna fyrir helgarinnkaupunum.

Þessi samanburður á verkamannalaunum er Íslandi vægast sagt óhagstæður, og hann útskýrir vel orsök þess að eftir- og næturvinna er nauðsynleg á Íslandi. Það er greinilegt að varðandi kaupmátt launa eru verkamannalaun meira en helmingi lægri á Íslandi en á öðrum norðurlöndum. Við íslenskir verkamenn verðum að setja okkur það takmark að ná svipuðum launum og bræður okkar á hinum norðurlöndunum. Krafa okkar er: **Lífvænleg laun fyrir 8 stunda vinnudag!**

Ekkert verkfall í stóriðnaðinum

Meðan langflest aðildarfélög ASÍ standa í verkfallsbaráttu heldur vinna áfram með eðlilegum hætti í mörgum stærstu verksmiðjum landsins, s.s. ríkisverksmiðjunum (Áburðarverksmiðjan, Sementsverksmiðjan, Kísilgúrverksmiðjan), auk álversins í Straumsvík. Allar þessar verksmiðjur hafa gert sérsamninga við sína starfsmenn; þannig renna samningarnir við ríkisverksmiðjurnar ekki út fyrr en um næstu mánaðarmót, en hjá Ísal rann samkomulagið hins vegar út um síðustu mánaðamót. Þrátt fyrir það hefur stjórn Verkamannafélagsins Hlífar, sem sér um samningana fyrir ófaglærða verkamenn í verksmiðjunni, ekki aflað sér verkfallsheimilda. Það er harla einkennilegt, að slíkra verkfallsheimilda skyldi ekki aflað nú meðan stór hluti verkamanna er í verkfalli, því fyrir síðasta aðalsamkomulag í febrúar 1974 var slíkrar heimildar aflað.

Það sem stóriðjuspekulantarnir eru raunverulega að gera, er að útiloka verkföll sem baráttuaðferð í stóriðjunni. Þetta hafa þeir gert að hálfu með því að verkamennirnir eru bundnir sér-samningum þannig að erfitt er að afla verkfallsheimild ar og langur fyrirvari gefinn. Hins vegar er þetta gert með því að verkalýðsforystan gerir ekki ráð fyrir því að beita verkfallsvopninu og þess vegna er það af hennar hálfu útilokað sem baráttuaðferð. Þetta þýðir að verkamenn í stóriðju, eins og t.d. álverinu, segja: Það verður ekkert verkfall hér, samkomulagið mun taka mið af heildarsamningum ASÍ. Það eru verkamenn á hinum svokallaða almenna vinnumarkaði sem í raun og veru eru að heyja baráttuna fyrir þá, sem bundnir eru slíkum sérsamningum.

En við hljótum að berjast fyrir því, að verkafólk í stóriðnaðinum styðji á allan hátt þá sem í verkfalli eru. Í álverinu er nú þegar hreyfing fyrir því að krefjast funda með stjórn Hlífar þar sem verkfallsheimilda verður aflað, en einnig er mikilvægt að allir verkamenn, sem ekki eru í verkfalli styðji verkfallsmenn siðferðilega og fjárhagslega, ef allsherjarverkfallið skyldi dragast eitthvað á langinn - sem allar líkur benda reyndar til.

-/Verkamenn í Straumsvík

Gerist áskrifendur að STÉTTABARÁTTUNNI

Gerist áskrifendur að RAUÐA FÁNANUM

Af verkfallsvaktinni

Aðfaranótt laugardags var frekar rólegt, en bílarnir voru sendir út öðru hverju til að vakta hverfin. Einn bíll var sendur m.a. til Kópavogs til að athuga gang mála þar. Þeir fóru einnig í Garðabæ vegna þess að þar hafði verið selt bensín kvöldið áður. Er þeir keyrðu þar fram hjá voru 20-30 bílar þar að bíða eftir afgreiðslu. Þeir hringdu niður á Laufásveg 8 til að spyrja hvað þeim bæri að gera. Vaktaformaðurinn sem svaraði í símann var í vafa um hvað gera skyldi, sökum þess að þessi bensínstöð væri líklega á svæði Hlífar í Hafnarfirði. Hann lagði málið fyrir þá sem voru inni á vaktinni sem voru þrír menn.

Var ákveðið þrátt fyrir andstöðu eins verkfallsvarðanna að fara þang að með það mikið lið að við gætum tekið stöðina með valdi. Fórum við af stað þangað og átti að senda einn bíl til viðbótar á eftir okkur þegar til hans næðist, en hann var á eftirlitsferð. Þegar í Garðabæ var komið var búið að taka stöðina með áhlaupi af þeim mönnum sem höfðu hringt niðureftir. Er við inntum verkfallsverði hvað hefði gerst, var það helst að frétt að sá gróft atburður hefði átt sér stað að reynt var að keyra niður einn verkfallsvörðinn, og munaði aðeins hárs breidd að alvarlegt slys yrði. Stuttu eftir að við komum á staðinn kom þriðji bíllinn. Við vorum þann ig orðnir töluvert margir.

Eftir að við höfðum rætt málin ákváðum við að hringja í Hlíf til þess að fá úr því skorið, hvort viðkomandi mætti selja bensín eða ekki. Náðum við tali af varaformanni Hlífar, Hallgrími Péturssyni. Svör hans voru mjög loðin og erfitt að átta sig á þeim, t.d. sagði hann að eigandinn hefði leyfi til að selja, en ef við vildum halda vörð þarna þá mættum við það.

Var málið lagt niður við alla verkfallsverðina sem voru þarna á staðnum og voru menn á báðum áttum um hvað gera skyldi. Það sem mér þótti alvarlegast var, að einn verkfallsvarðanna reyndi með öllum mögulegum fortölum að fá menn til að yfirgefa staðinn. Var það og gert þrátt fyrir að fjöldi manna væru á móti því.

Það var ekki nóg með að bensínstöðvareigandinn seldi bensín, held ur var sjoppan opin hjá honum kl. 5 um nóttina, um það leyti sem við vorum þarna. Hann braut sem sagt líka verslunarlög með því að selja á þessum tíma.

En alvarlegast var, að Verkamannafélagið Hlíf skyldi hafa látið þetta viðgangast. Það er kannske ekki nema von, að þeir líti svona á málin vegna þess að sú forysta sem þar ræður ríkjum hefur ekki sýnt í verki áhuga á málefnum verkalýðsins og bættum kjörum hans.

Þessi vinnubrögð, af hálfu Hlífar eru alveg forkastanleg og verða verkamenn að láta þessa toppa vita það ao það eru þeirra hagsmunir sem eru í veði. Það er spurningin um það hvort ætlunin sé að svelta verkalýðinn til hlýðni.

Seinustu fréttir í þessu máli eru vægast sagt furðulegar. Lögreglan í Hafnarfirði skipaði eiganda sjoppunnar að hafa opið á nóttunni vegna þess að afgreiðsla bensíns á daginn ylli svo mikilli röskun á umferðinni. Hvar fær lögreglan leyfi til að breyta verslunarlögunum? Ef verkfallið dregst eitthvað á langinn þá er nauðsynlegt að verkamenn séu meðvitaðir um hvað forystan er að makka á þessum samningafundum. Það hlýtur að vera krafa verkafólks að samningarmenn komi á verkfallsvaktirnar eftir hvern fund og geri grein fyrir því hvað er að gerast. Þetta er algjört lágmark.

Það sem hefur gerst á vöktunum undanfarið er frekar lítið en það má nefna að tvisvar sinnum hafa bændur verið stoppaðir í Reykjavík er þeir hafa reynt að selja mjólk og kjöt.

Bensínstöðin hjá Hreyfli hefur orðið uppvís að því að selja bensín til einkaaðila.

Það verður að koma með öllum mögulegum ráðum í veg fyrir að menn komist upp með það að brjóta á verkamönnum í skjóli þess að ekkert sé gert af viðkomandi stéttarfélagi, t.d. það að V.R. hefur ekki séð ástæðu til að hafa vakt um helgina og fleiri stéttarfélög.

GH verkfallsvörður.

Vantrauststillagan færir verkalýðnum ekkert

Það er margt að gerast í íslensku þjóðfélagi: tugþúsundir vinnufúsra handa geta ekki framfleytt sér af daglaunum sínum - allsherjarverkfall stendur yfir - fiskimiðin eru hersetin - "bandalagsþjóð" íslendinga hefur gert innrás í landhelgina - mörg mál hafa komið upp að undanförnu sem afhjúpa margs konar spillingu meðal æðstu páfa borgaralegu stjórnmálaflokkana.

Samtímis þessu situr ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar og ráðgerir hvernig hún geti sem best tryggt gróðahagsmuni íslenskrar borgarastéttar við þessar aðstæður. Í bili hefur hún hætt við að semja við breska auðvaldið og þess í stað slitið stjórnmálasambandið. En þessi aðgerð ríkisstjórnarinnar er eingöngu tímabundið undanhald, at hennar hálfu - eðli hennar er hið sama, hún mun á nýjan leik reyna að versla með fiskistofnana. Hún bíður síns tíma - hún reynir nú að láta lítið yfir "maffumálinu" - hún reynir að fá fólk til að trúa því að NATO og innrás breta séu fullkomlega aðskilin mál - og hún reynir að liðsinna atvinnurekendum af fremsta megni í kjaradeilunni.

Stjórnarandstaðan á Alþingi hefur nú reynt að nýta ástandið - og komið með hið venjulega úrræði borgaralegu stjórnmálaflokkanna, þ.e. nýja ríkisstjórn skipuð þeim sem bera fram vantraust á núverandi stjórn.

En málið er ekki þannig vaxið að það nægi til úrbóta að skipta um andlit í ráðherraembættum. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem allsherjarverkfall ríkir - þetta er ekki í fyrsta skipti sem kaupmáttur launa hefur fallið niður úr öllu hófi og þetta er ekki í fyrsta skipti sem borgarastéttin vill pranga með fiskistofnana. Og því síður er það í fyrsta skipti sem spilling opinberast hjá borgarastéttinni.

Það sem skiptir máli er það að öll þessi mál sýna að sjálft auðvaldsþjóðfélagið er rotið og hefur tapað tilverurétti sínum. Það er þetta sjónarmið sem verkalýðurinn verður að hafa gagnvart þessum málum. Verkalýðurinn, sem með striti sínu framleiðir öll verðmæti þessa lands, hann hefur ekki efni á því að viðhalda þessu rotna spillingarkerfi - hann hefur allt að vinna við að losna við það - en engu að tapa.

Aðeins með því að útrýma auðvaldsþjóðfélaginu og stofnunum þess - aðeins þannig er hægt að losa þjóðina við spillinguna, og aðeins þannig er hægt að tryggja öllum atvinnu til frambúðar og lífvænleg laun fyrir dagvinnu. Og aðeins þannig er hægt að tryggja vísindalega nýtingu auðævanna í landinu og í hafinu umhverfis.

Hlutverk sáttasemjara

Það hefur vakið athygli meðal verkamanna að samningafundir ASÍ og VSÍ voru strax í upphafi haldnir inni hjá sáttasemjara. Er það rétt að fara ið við samningana að skella þeim til sáttasemjara? Er það hlutverk hans að koma til skjalanna í upphafi samninganna? Til þess að glöggva okkur á þessu skulum við líta í lög um vinndeilur og stéttafélög frá '38. Þar segir: "Strax og slitnar upp úr samningaumleitunum aðila eða að þeir álíta, að vonlaust sé um árangur af frekari samningaumleitunum þeirra eða hálfur uppsagnafrestur er liðinn, án þess að samningar hafi tekist, ber aðilum að tilkynna það ríkissáttasemjara og viðkomandi héraðssáttasemjara. Eftir að ríkissáttasemjari hefur fengið slíka tilkynningu, er honum skylt að kveðja aðila eða umboðsmenn þeirra til fundar strax og hann telur það heppi legt."

Þarna stendur það svart á hvítu að það er ekki fyrr en að slitnað hefur upp úr samningaumleitunum sem sáttasemjari skal láta málin til sín taka.

En hver er tilgangurinn hjá ASÍ og VSÍ að hefja makkið hjá sáttasemjara? Allt bendir til þess að þær aðferðir sem nú tíðkast séu n.k. undir búningur fyrir væntanlegar breytingar á vinnulöggjöfinni - þar sem vald sáttasemjara verður stórlega aukið. Sú aðferða ASÍ-forystunnar að hefja samninga án umboða frá verkalýðsfélögunum og að auka þátt sáttasemjara sýnir að hún er síður en svo á móti breytingum á vinnulöggjöfinni.

AKUREYRI

Hvað eru Baráttusamtök launafólks?

- Hvað er BSL?

- Stafirnir BSL standa fyrir "Baráttusamtök launafólks", og voru þau stofnuð síðla vetrar 1974-75 af nokkrum einstaklingum úr ýmsum áttum. Allir þessir einstaklingar áttu það sammerkt, að vera á móti sívaxandi stéttasamvinnustefnu verkalýðsforystunnar, og er BSL tilraun til að skipuleggja fólk til baráttu gegn þeirri stefnu. Markmið BSL er því að endurreisa verka lýðsfélögin sem tæki verkalýðsins, til baráttu fyrir bættum kjörum.

- Hvað hefur áunnist í starfi BSL?

- Enn sem komið er, er það lítið. Þótt nokkur hluti verkalýðs og vinn andi alþýðu hafi áttað sig á því, hverjum verkalýðsforystan þjónar í raun, eru hinir þó fleiri, sem alls ekki hafa áttað sig á því. Verkalýðsleiðtogarnir eru allir á mikið hærra kaupi en verkafólkið sjálft. Þeir þurfa aldrei að lifa af því kaupi, sem þeir semja um fyrir verkalýðinn. Það er því auðvelt fyrir þá, að taka undir orð auðherra Geirs Hallgrímssonar um, að hart sé í ári. Verkalýðsfélögin eiga að vera baráttutæki verkalýðsins, en nú eru þau það ekki. Ástandið heldur áfram að versna og kjörin verða lakari og lakari, á meðan við sofum vært og semjum ekki sjálf um laun, í stað þess að láta hátekjumenn gera það.

Verkafólk. Hafið strax samband við fulltrúa BSL á vinnustöðunum og í verkalýðsfélögunum.

(Fréttatilkynning frá BSL).

NÝJUSTU FRÉTTIR!

Líklega takast samningar nú í vikunni og er nú verið að ræða tilboð atvinnurekenda um að fallið verði frá sérkröfum gegn því að 1% hækkun fáist á öll laun. Nefndirnar eru að ræða um það hvort draga skuli sérkröfurnar algerlega til baka fyrir þetta eina prósent. Ekki er enn farið að ræða launahækkanir, hvorki láglaunabætur eða prósentuhækkanir. Hjá sjómönnum er enn ekki búið að ræða skiptaprósentur. Nefndarmenn töldu að umræður um aðallaunahækkanir tækju naumast meira en sólarhring. Ef tillaga atvinnurekenda verður samþykkt, felur hún óhjákvæmilega í sér kjaraskerðingu. Það er álitið að verðbólgan verði búin að éta upp kauphækkanir í október - þá á rauða strikið að gilda - þess vegna nægja þessar litlu hækkanir engan veginn. Verkafólk verður að krefjast vísitölubindingar launa, það er eina tryggingin fyrir því að launahækkanirnar verði ekki étnar jafnharðan upp, þó svo þær verði ekki miklar. Allur samningatími hefur hingað til verið til einskis, og samninganefndirnar hafa sáralítið rætt við. Verkfallsbaráttan er unnin fyrir gíg, ef árangur hennar er ekki notaður til þess að knýja fram varanlegar kjarabætur. Forystuliðið er tvístígandi og er að gefa eftir fyrir kjaraskerðingarkröfum atvinnurekenda. Verkafólk verður að fá tryggingu fyrir raunverulegum kjarabótum, áður en verkfalli verður aflýst. Sigur vinnst vegna baráttunnar, en ekki vegna samningamakksins. Atvinnurekendur hafa hingað til haldið umræðunum innan ramma smáatriðanna, nú á að knýja aðalmálið í gegn, sjálfa kjaraskerðinguna. Aðeins barátta veitir sigur.